



18. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn miðvikudaginn 29.06.2016 klukkan 12:00.

Mætt voru: Jósteynn Hermundsson, Reimar Sigurjónsson, Karl Ásberg Steinsson, Sölvi Steinn Ólason og Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Breytingar á skólahúsnæði Grunnskólans á Þórshöfn,

Sveitarstjóri fór yfir breytingar þær sem hannaðar hafa verið í anddyri og tengibyggingu Grunnskólans á Þórshöfn. Breytingar eru í anda hugmynda sem fram hafa komið áður og voru í umræðunni þegar deiliskipulag var samþykkt fyrir svæðið kringum skólann.

Breytingin felur í sér hækkun á þaki þar sem verið er að tengja þök betur saman og auka vatnshalla, útfærslu á gluggavegg er snýr að Langanesvegi og stækkun og breytingu á inngangi að austanverðu.

Bókun.

Nefndin telur breytingarnar smávægilegar og að þær rýmist innan skipulags, því telur nefndin ekki þörf á grenndarkynningu og samþykkir fyrir sitt leiti kynntar breytingar.

2. Innsent erindi, Eyrarvegur 2 – innkeyrsla og lóðaf framkvæmdar,

Sveitarstjóri kynnti erindi frá Gistiheimilinu Lyngholti vegna lóðar að Eyrarvegi 2. Erindið felur í sér ósk um tímabundin afnot af hluta lóðar að Eyrarvegi 4 og að Umhverfis- og Skipulagsnefnd heimili inn og útkeyrslu af Eyrarvegi í samræmi við framlagða teikningu.

Bókun.

Umhverfisnefnd telur ekki vænlegt að heimila út og eða innkeyrslu inn á Eyrarveg enda gatan þröng. Einnig telur nefndin að núverandi innkeyrsla frá Bakkavegi sé fullnægjandi. Umhverfis- og skipulagsnefnd leggst því gegn erindinu hvað varðar innkeyrslu sunnan í lóðinni inn á Eyrarveg. Nefndin mælist einnig til þess að lóðarhafi lagfæri það rask sem hefur orðið í sunnanverðir lóðinni og gangi frá því svæði til fyrra horfs.

3. Innsent erindi, eigundur Þorsteinsstaða – ósk um stofnun eignalóðar,

Á fundi sínum þann 9. júní vísaði sveitarstjórn Langanesbyggðar ósk eigenda Þorsteinsstaða um stofnun eignalóðar fyrir gangnamannahúsið Arnarfell (Vesturkofa). Sveitarstjóri fór yfir erindi eigenda Þorsteinsstaða og lagði fram teikningu.

Bókun.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykki beiðni um stofnun eignarlóðar í landi Þorsteinsstaða. Enda fylgi því engar fjárhagslegar kvaðir né kostnaður fyrir sveitarfélagið.

4. Urðun og sorphirða – staða mála

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti stöðu mála er varða sorphirðu og urðun. Nú í júní samþykkti Umhverfisstofnun móttöku umsóknar um starfsleyfi vegna urðunarstaðar á Bakkafirði.



LANGANESBYGGÐ

Einnig fór sveitarstjóri yfir stöðu mála er varða Íslenska Gámafélagið og kynnti hugmyndir að breytingum á samningi.

Bókun.

Umhverfis og Skipulagsnefnd fagnar því að nú hilli undir lausn á urðunarmálum Langnesinga um leið og hún leggur á það ríka áherslu að öll umgengni um urðunarstaðinn verði með besta móti og í samræmi við væntanlegt starfsleyfi. Umhverfis- og Skipulagsnefnd er einnig samþykkt hugmyndum þeim er fram komu um breytingar á samningi við Íslenska Gámafélagið og óskar eftir því við sveitarstjórn að sveitarstjóra verði falið að ljúka samningum.

5. Lóðir í Langanesbyggð – umgengni og umhirða

Sveitarstjóri fór yfir úrræði er varða umgengni um lóðir og finna má í reglugerð nr. 1127/2007. Ástæðan eru kvartanir sem borist hafa vegna umgengni og umhirðu lóða í sveitarfélaginu.

Bókun.

Umhverfis- og Skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að því verði komið á framfæri við íbúa Langanesbyggðar að gæta vel að umhirðu og umgengni um lóðir og jarðir. Lagt er til að sveitarfélagið sendi dreifibréf og eða auglýsi vegna málsins. Einnig óskar umhverfisnefnd eftir því að sveitarstjóri setji sig í samband við heilbrigðisfulltrúa og aðra þá er um þessi mál véla og leiti liðsinnis þeirra til úrbóta og hugsanlegra þvingunarúrræða.

6. Önnur mál

- a. Innsent erindi, strandblakvöllur – Blakliðið Álkurnar sendir inn erindi er varðar ósk um álit nefndarinnar á hugmynd um strandblakvöll á túninu austan björgunarhúss. Fram kemur að ef nefndin taki jákvætt í erindið þá muni blakáhugamenn vinna málið áfram og senda inn ítarlegra erindi með teikningu.

Bókun.

Nefndin tekur jákvætt í erindið og hvetur umsækjendur til að halda málinu áfram en leggur áherslu á að útfærsla taki mið af umhverfi og aðstæðum.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 13.30.